

## Kolefnishlutleysi

### - Samantekt frá Loftslagsráði, apríl 2020

**Kolefnishlutleysi** sem hugtak er flestum framandi enda hefur það fram til þessa einkum verið notað í samskiptum innan vísindasamfélagsins. Notkun þess í pólitískri og samfélagslegri umræðu hófst fyrir alvöru í aðdraganda Parísarsamningsins og varð síðan hluti af þeim samningi í árslok 2015.

Loftslagsráð hefur fjallað ítarlega um kolefnishlutleysi. Margar spurningar hafa vaknað í samtölum innan ráðsins sem tengjast notkun þess í markmiðssetningu, stefnumörkun og almennri upplýsingagjöf. Svipaðar spurningar hafa vaknað í samfélagsumræðu og innan atvinnulífs og hins opinbera, bæði á sveitarfélagsstigi og á landsvísu.

Kolefnishlutleysi lýsir lokamarkmiði, ekki leiðinni að því marki. Ef því er beitt af fullri einurð við stefnumörkun breytast forsendur og það kemur betur í ljós hvaða viðbrögð eru hagkvæmust þegar upp er staðið og hversu brýnt er að mikill árangur náist án tafar. Þetta er fyrsta framlag Loftslagsráðs til umræðu og stefnumörkunar varðandi kolefnishlutleysi en ekki það síðasta.

### Hvaða lykilhugtök úr vísindum gefa kolefnishlutleysi merkingu?

Loftslagsbreytingar eiga rætur sínar að rekja til röskunar á kolefnishringrás<sup>1</sup> jarðarinnar. Til að öðlast skilning á þessari röskun þurfum við að huga að því hvar í hringrásinni kolefni safnast upp í mestu magni. Þessir staðir í hringrásinni eru nefndir efnageymar og kolefni streymir frá einum geymi yfir í annan. Kolefni sem varðveist hefur í efnageymi jarðlaga hefur streymt út við bruna jarðefnaeldsneytis. Með því hefur mikið magn kolefnis færst úr hægari hluta hringrásarinnar yfir í tvo efnageyma í hraðari hluta hennar, þ.e. andrúmsloftið og hafið.

Í andrúmsloftinu er mestur hluti kolefnis í formi koltvíoxíðs (CO<sub>2</sub>), sem er vel þekkt lofttegund sem bætir við náttúruleg gróðurhúsaáhrif<sup>2</sup> andrúmsloftsins og leiðir þannig til loftslagsbreytinga. Koltvíoxíð leysist upp í sjónum og myndar þar kolsýru sem leiðir til súrnunar sjávar sem ógnar lífríki hér við land og raunar um heim allan.

Uppstreymi kolefnis í efnageymi andrúmsloftsins kallast „losun“ kolefnis. Með ljóstillifun plantna á sér stað niðurstreymi kolefnis úr efnageymi andrúmsloftsins yfir í efnageymi lífríkisins, einkum jarðvegs og víðar. Uppsöfnun kolefnis í jarðvegi og víði er nefnd „binding“ kolefnis úr andrúmslofti. Einnig eru til efnafræðilegar leiðir til að binda kolefni beint úr andrúmslofti en þær eru orkufrekar.

Við það ójafnvægi sem nú ríkir á heimsvísu er losun mun meiri en binding. Hraði uppsöfnunar kolefnis í andrúmsloftinu ræðst af nettóniðurstöðunni þegar binding er dregin frá losun. Þetta kallast nettólosun, sem er um þessar mundir stór jákvæð tala enda er kolefni að safnast upp í andrúmsloftinu.

<sup>1</sup> Sjá nánari umfjöllun í Umhverfisriti Bókmenntafélagsins, „Kolefnishringrásin“ eftir Sigurð Reyni Gíslason, sem kom út 2012.

<sup>2</sup> Sjá nánari umfjöllun í Umhverfisriti Bókmenntafélagsins, „Gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar“ eftir Halldór Björnsson, sem kom út 2008.

## LOFTSLAGSRÁÐ ///

Kolefnishlutleysi<sup>3</sup> lýsir ástandi þar sem jafnvægi hefur náðst milli hraða losunar og bindingar af mannavöldum og nettólosun er því núll. Uppsöfnun koltvíoxíðs í andrúmsloftinu verður ekki stöðvuð fyrr en hnattrænu kolefnishlutleysi er náð. Í baráttunni við loftslagsvá er nauðsynlegt að brjóta markmiðið um hnattrænt kolefnishlutleysi upp í minni einingar, svo sem ríki, borgir eða fyrirtæki.

Samdráttur í nettólosun sem ekki næst á tilteknu ári eykur einfaldlega þörfina á frekari samdrætti árið þar á eftir. Því lengur sem beðið er með aðgerðir til að draga úr losun, þeim mun hraðar þarf að draga úr henni síðar til að ná því takmarki að halda hnattrænni hlýnun við 1,5°C. Það er því forgangsmál að ná árangri í að draga sem mest úr losun nú þegar.

Kolefnishlutleysi eitt og sér segir ekki alla söguna þegar meta á umfang og afleiðingar hnattrænnar loftslagsvá. Tryggja þarf að styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu sé sem lægstur þegar hann nær hámarki við kolefnishlutleysi. Sá styrkur ræðst af samanlagðri losun þar til hlutleysi verður náð. Öll vegferðin að kolefnishlutleysi skiptir því máli og mun næsti áratugur ráða úrslitum um framvinduna.

### Hver hefur þróunin verið á heimsvísu og hver þarf hún að verða?

Heimslosun vegna orkunotkunar er enn að aukast þó svo að hraðinn hafi minnkað. Á tímabilinu 2000-2009 jókst losun frá bruna jarðefnaeldsneytis á heimsvísu um 3% á ári hverju.<sup>4</sup> Á hinn bóginn varð aukningin minni á tímabilinu 2010-2018, eða sem nemur 0,9% á ári, og er þess vænst að árið 2019 hafi losun aukist um 0,6%. Samdráttur í raforkuvinnslu með kolabruna er meginskýringin.

Umskipti í átt að lágkolefnishagkerfi – sem þýðir að kolefnisspor á hverja einingu heimsframleiðslu hefur minnkað – eru þegar hafin. Sú lækkun er hins vegar ekki nægjanlega hröð til að veða að fullu upp á móti örum hagvexti á sama tímabili.

Verkefnið er gríðarlega stórt og bregðast þarf skjótt við þar sem það losunarsvigrúm sem mannkynið á inni til að halda megi hlýnun innan við 1,5°C fer hratt minnkandi. Því lengur sem losun gróðurhúsalofttegunda heldur áfram að aukast, þeim mun skarpari þarf samdrátturinn að verða til að ná megi markmiðum Parísarsamningsins og þeim mun skemmri tíma hafa ríki til að undirbúa hagkerfi sín fyrir breytingar.

Hemja þarf heimslosunina þannig að hún nái hámarki án frekari tafar. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur að beiðni aðildarríkjanna metið<sup>5</sup> hver þróunin þurfi að verða svo að ná megi markmiði Parísarsamningsins. Meginskilaboðin eru þau að helminga þarf heimslosunina 2030 og síðan aftur á hverjum áratug til 2050.

### Hvernig tekur Parísarsamningurinn á kolefnishlutleysi?

Parísarsamningurinn er drifinn áfram af því markmiði að halda hnattrænni hlýnun vel innan við 2°C og eins lítið umfram 1,5°C og kostur er. Það kallar á að heimslosunin nái hámarki án frekari tafar og lækki svo ört, eins og vikið var að hér að ofan, þar til að kolefnishlutleysi verður náð. Á loftslagsþinginu í París reyndist erfitt að ná samstöðu um eitt orð sem allir væru sáttir við og var því farin sú leið að lýsa því beint<sup>6</sup> hvað fælist í kolefnishlutleysi.

<sup>3</sup> Kolefnisjafnvægi er samheiti. Á ensku eru hugtökin *carbon neutrality*, *climate neutrality* og *net-zero emissions* mest notuð.

<sup>4</sup> Samkvæmt greiningu Global Carbon Project sem allir lykilaðilar á þessu sviði annaðhvort standa að eða byggja á. <https://www.globalcarbonproject.org/>

<sup>5</sup> <https://www.ipcc.ch/sr15/>

<sup>6</sup> Í því skyni að ná fram langtímamarkmiðinu um hitastig, sem sett er fram í 2. gr., stefna aðilarnir að því að ná hnattrænu hámarki í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og auðið er, en viðurkenna að það tekur aðila, sem eru þróunarlönd, lengri tíma að ná hámarkinu, og að takast á hendur að draga skjótt úr losun eftir það, í samræmi við bestu fyrirliggjandi vísindi, til þess að ná jafnvægi milli losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá uppsprettum og upptöku þeirra í viðtaka á síðari helmingi þessarar aldar, á grundvelli sanngirni, og í tengslum við sjálfbæra þróun og viðleitni til að útrýma fátækt. Parísarsamningurinn, 1. málsgrein 4. gr.

## LOFTSLAGSRÁÐ ///

Á þeim rúmlega fjórum árum sem liðið hafa frá því að samkomulag náðist um Parísarsamninginn hefur skilningur á nauðsyn þess að takmarka hlýnun við 1,5°C aukist til mikilla muna. Þar markaði fyrrnefnd úttekt IPCC á afleiðingum hlýnunar um 1,5° og 2,0°C þáttaskil en hún sýnir svo ekki verður um villst að hættan á óstöðvandi loftslagsbreytingum fer ört vaxandi eftir að hlýnun hefur náð 1,5°C og því mikið í húfi að halda hlýnun við þetta hitastig. Einsýnt er að til að svo megi verða má ekki láta staðar numið þegar kolefnishlutleysi er náð heldur þarf nettólosun að verða neikvæð tala (þ.e. binding verði meiri en losun) þannig að styrkur koltvíoxíðs í andrúmsloftinu fari lækkandi eftir miðja þessa öld.

Ísland hefur á vettvangi Loftslagssamningsins skipað sér í hóp með þeim aðildarríkjum Loftslagssamningsins sem lýst hafa vilja til að tryggja að hækkun hitastigs verði ekki umfram neðri mörk þess sem Parísarsamningurinn tilgreinir, þ.e. við 1,5°C. Til að svo megi verða þarf nettóheimslosun að ná hámarki án tafar og lækka síðan hratt svo hnattrænt kolefnishlutleysi náist eigi síðar en 2050.

### Hvernig eru önnur ríki að varða leiðina að kolefnishlutleysi?

Í 19. grein fjórða kafla Parísarsamningsins segir: „Allir aðilar ættu að leitast við að setja saman og tilkynna þróunaráætlanir til langs tíma um litla losun gróðurhúsalofttegunda með 2. gr. í huga að teknu tilliti til sameiginlegrar en mismunandi ábyrgðar þeirra og getu, í ljósi mismunandi landsaðstæðna.“ Þannig er ætlast til að hvert ríki útbúi leiðarvísi að því hvernig það hyggist þróast í átt að lágkolefnishagkerfi miðað við aðstæður þar í landi.

Ætlast er til að þróunaráætlanirnar liggi fyrir á þessu ári og fjórtán<sup>7</sup> ríki auk Evrópusambandsins hafa þegar skilað inn sínum áætlunum. Ekki liggja fyrir sérstakar leiðbeiningar um það hvernig setja skuli fram slíkar áætlanir eða hvaða losunarbættir teljist með.

Þær þróunaráætlanir sem þegar hafa borist byggja eðli málsins samkvæmt á fjölbreyttri nálgun. Upphafspunkturinn er í flestum tilfellum lýsing á langtímasýn. Síðan er greint frá því hvað þurfi til svo kolefnishlutleysi náist fyrir ákveðinn tíma út frá núverandi aðstæðum (e. *backcasting*). Í sumum tilfellum hefur verið unnin greining á því hversu mikið ólíkar tæknilausnir geta dregið úr losun í mismunandi samfélagsgeirum til langs tíma miðað við núverandi stöðu (e. *forecasting*).

Í mörgum tilfellum, en ekki öllum, hefur viðtækt samráð átt sér stað við sveitarfélög, atvinnulíf og almenning og er Portúgal dæmi um land þar sem viðtæk þátttaka einkenndi undirbúninginn. Viðtæku samráði innan ESB lauk nú í marsbyrjun og hafði þá staðið í á annað ár. Fimm aðildarríki ESB<sup>8</sup> hafa einnig skilað inn sínum þjóðaráætlunum.

Forystuþjóðir í loftslagsmálum hafa með sér umtalsvert samráð um undirbúning langtímaáætlana. Sem dæmi um slíkt alþjóðlegt samstarf má nefna Carbon Neutrality Coalition<sup>9</sup> (CNC), sem eru samtök ríkja sem stefna að kolefnishlutleysi, og 2050 Pathways Platform,<sup>10</sup> sem er samráðsvettvangur ríkja, borga, héraða og fyrirtækja sem vinna að langtímaáætlunum um lágkolefnisframtíð. Ísland er þátttakandi í þessu samstarfi.

Fundur forsætisráðherra Norðurlandanna í Helsinki 25. janúar 2019 markaði nokkur þáttaskil. Þar ákváðu norrænu ríkin að veita forystu með góðu fordæmi og hafa samráð um undirbúning langtímastefnumörkunar án þess þó að leitast við að steypa öll ríkin í sama mót.

### Hvaða afleiðingar hefur áhersla á kolefnishlutleysi fyrir stefnumörkun í loftslagsmálum?

Áherslan á kolefnishlutleysi hefur valdið straumhvörfum í stefnumörkun í loftslagsmálum með því að beina kastljósinu að heildarumfangi viðfangsefnisins og dýpt þeirra umskipta sem verða að eiga sér stað. Þó það virðist þversagnarkennt, þá leysir þessi nálgun úr læðingi nýsköpunarkraft sem knúinn er áfram af heillandi framtíðarsýn um betri heim.

<sup>7</sup> <https://unfccc.int/process/the-paris-agreement/long-term-strategies>

<sup>8</sup> Þýskaland, Frakkland, Bretland, Tékkland og Portúgal.

<sup>9</sup> <https://www.carbon-neutrality.global/>

<sup>10</sup> <https://www.2050pathways.org/>

## LOFTSLAGSRÁÐ ///

Vísbendingar eru um að þessi þróun sé einnig að hefjast hér á landi með aukinni áherslu á loftslagsmál á landsskipulagsstiginu<sup>11</sup>, markmið um kolefnishlutlausu höfuðborg<sup>12</sup>, stefnumörkun um kolefnishlutleysi í orkuvinnslu<sup>13</sup> og í aukinni áherslu á samtal um framtíðarsýn<sup>14</sup> í atvinnurekstri, svo örfá dæmi séu nefnd.

Áhersla á kolefnishlutleysi breytir forsendum stefnumörkunar til skemmri tíma, svo sem 2030, með því að skerpa skilninginn á því hve stuttur tími er til stefnu til að draga úr losun og á mikilvægi þess að ákvarðanir sem teknar eru í dag þjóni langtímahagsmunum. Skoða þarf valkosti í langtímafjárfestingum í ljósi kolefnishlutleysis. Hagkvæmstu kostirnir eru margir þess eðlis að þeir taka tíma og kalla á umtalsverðar fjárfestingar í upphafi sem geta reynst mjög arðbærar þegar lítið er til lengri tíma. Það þarf hins vegar að ráðast í þær án tafar því að öðrum kosti renna hagkvæmstu kostirnir þjóðinni úr greipum.

### Eru landsframlög til markmiðs Parísarsamningsins nægjanlega metnaðarfull?

Landsframlögin eins og þau voru lögð fram áður en samningaviðræðum um Parísarsamninginn lauk 2015 ná einungis að takmarka hlýnun við 3,2°C,<sup>15</sup> sem þó var mikil framför frá stöðunni þegar stefndi í rúmlega 4°C hlýnun.

Fyrsta skuldbindingatímabil Parísarsamningsins nær í flestum tilfellum til 2030.<sup>16</sup> Samkvæmt honum ber aðildarríkjum að endurskoða landsframlög sín á þessu ári. Sex aðildarríki hafa þegar gert svo og eru Noregur og Japan einu iðnríkin þar á meðal. Meirihluti aðildarríkja<sup>17</sup> eru að vinna að slíkri endurskoðun og hyggjast standa að mun metnaðarfullri aðgerðum en áður og er þess vænst að mörg þeirra – þar með talin Evrópusambandsríkin sem Ísland og Noregur eru í samfloti með – kynni endurskoðaðar áætlanir um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir COP 26 árið 2021<sup>18</sup>. Innan Evrópusambandsins er nú rætt um að samdráttur ESB-ríkjanna verði 55% í stað 40% árið 2030 og hafa nokkur ríki tekið pólitíska forystu þar um.

### Hvaða leiðir eru færar til að örva þróun í átt að kolefnishlutleysi?

Spurningin sem stjórnvöld og samfélagið allt stendur frammi fyrir er ekki hvort kolefnishlutlaust Ísland sé möguleiki, heldur hvers konar kolefnishlutlaust Ísland fellur best að framtíðarsýn þjóðarinnar. Margar leiðir eru færar að þessu marki. Leiðin sem farin verður mun ráða úrslitum um lífsgæði og hagsæld þeirra sem landið munu byggja.

Viðureignin við loftslagsvá kallar á samstillingu við hagstjórn og stefnumótun á flestum sviðum samfélagsins. Þróa þarf vísitölur sem stuðla að framförum. Hámarka þarf verðmætasköpun fyrir hvert tonn af gróðurhúsalofttegundum sem losað er út í andrúmsloftið.

Nota þarf öll tiltæk verkfæri í verkfærakistunni, svo sem hagræn stjórnþæki (skatta, gjöld og ívilnanir); skipulag á landnotkun og byggð; lög og reglugerðir; þátttöku í svæðasamstarfi um viðskipti með losunarheimildir (EU ETS); endurheimt vistkerfa; kolefnisjöfnun; viðskipti með kolefniseiningar á innlendum markaði; þróun hringrásarhagkerfis; rannsóknir og nýsköpun og upplýsinga og fræðsla.

Nauðsynlegt er að útfæra nánar þá tæknilegu möguleika til samdráttar og bindingar sem tiltækar eru og hvað þurfi til svo að markmiðið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 verði að veruleika. Sumar aðgerðir þarfnast ekki nýrra tæknilausna en aðrar byggjast á tækni sem er nú í þróun og miklar væntingar eru bundnar við til framtíðar. Þá er unnt að hefja vinnu á sumum sviðum nú

<sup>11</sup> <https://www.landsskipulag.is/>

<sup>12</sup> <https://reykjavik.is/loftslagsmal>

<sup>13</sup> <https://www.landsvirkjun.is/sjalfbaerni/kolefnishlutlaus> og <https://www.or.is/um-or/fyrir-fjolmidla/frettir/orkuveita-reykjavikur-verdi-kolefnishlutlaus-arid-2030/>

<sup>14</sup> <https://samfelagsabyrgd.is/>

<sup>15</sup> Sjá: <https://www.unenvironment.org/resources/emissions-gap-report-2019>

<sup>16</sup> Aðildarríkjum var einnig heimilt að miða við 2025 í fyrsta áfanga.

<sup>17</sup> <https://www.climatewatchdata.org/2020-ndc-tracker>

<sup>18</sup> Ráðstefnunni sem átti að halda í nóvember 2020 hefur verið frestað vegna kórónuveirufaraldursins þar til árið 2021.

## LOFTSLAGSRÁÐ ///

þegar, en á öðrum er lengra í að árangur náist. Allar eiga aðgerðirnar það þó sameiginlegt að mikilvægt er að hefjast handa sem fyrst, hvort sem það er með beinum framkvæmdum eða rannsóknum og undirbúningi.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðjufyrirtækjum hér á landi fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS). Heildarúthlutun losunarheimilda innan þess kerfis dregst saman ár frá ári. Verð á slíkum heimildum fer þá hækkandi og skapar um leið forsendur fyrir fjárfestingum í lausnum sem valda minni losun eða engri. Þau ríki sem taka þátt í ETS-kerfinu telja losun innan ETS í öllum tilfellum með í uppgjöri gagnvart kolefnishlutleysi.

Kolefnisjöfnun, hvort sem hún er með bindingu eða fjármögnun á samdrætti annars staðar, þarf að vera ábyrg, vísindalega staðfest og vottuð. Innviðir fyrir kolefnisjöfnun innanlands eða í samstarfi við aðrar þjóðir eru of veikir eins og stendur. Loftslagsráð hefur farið yfir stöðuna og mun leiða saman helstu gerendur á þessu sviði til að stuðla að umbótum. Huga þarf að aðferðafræði við mat á losun og bindingu, tilurð og viðskiptum með kolefniseiningar og þörfinni fyrir miðlæga skráningu á slíkum einingum. Einnig þarf að koma á vottun á þessum þáttum.

### Er ljóst hvernig kolefnishlutleysi fyrir landið í heild verður gert upp?

Enn sem komið er hefur ekki verið tekin afstaða til þess á vettvangi Parísarsamningsins hvort þörf er á alþjóðlegum uppgjorsreglum fyrir aðildarríkin varðandi kolefnishlutleysi. Nákvæmar reglur gilda um árlega skýrslugerð um losun og bindingu frá landinu, bæði samkvæmt Loftslagssamningum og hjá ESB, en slíkar reglur taka enn sem komið er ekki sérstaklega á uppgjöri gagnvart kolefnishlutleysi.

Aðferðafræði við uppgjör losunar frá úthaga og framræstu votlendi hefur mikil áhrif á það hversu stórt átak þarf til að ná kolefnishlutleysi árið 2040. Þar skiptir ákvörðun um grunnástandið mestu, þ.e. hvort allt framræst land verði tekið með í reikninginn óháð tíma eða einungis það land sem framræst hefur verið eftir 1990 eða 2005, sem eru tvö dæmi um upphafsástand sem aðrar þjóðir miða við. Slík ákvörðun hefur ekki verið tekin hér á landi og þarf að undirbyggja hana með vönduðum greiningum og víðtæku samtali.

Áætluð losun frá landnotkun hér á landi er óvenjustór þáttur í heildarlosun miðað við önnur ríki. Á móti kemur að hér eru taldir miklir möguleikar á aukinni bindingu með endurheimt vistkerfa, landgræðslu og skógrækt. Einnig má draga umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendisvistkerfa.

Töluverð óvissa ríkir um raunverulega losun frá landnotkun á Íslandi en ljóst er að um verulegt magn er að ræða. Brýn þörf er á að efla rannsóknir á losun frá framræstu landi og losun vegna hnignunar jarðvegs og jarðvegsofs. Sögulega séð hefur kolefnisforði Íslands minnkað gríðarlega frá landnámi. Það kolefnistap er enn í gangi og því afar brýn þörf fyrir úrbætur.

Óháð uppgjöri gagnvart alþjóðlegum samningum telur Loftslagsráð einboðið að endurheimta sem mest af því votlendi sem ræst hefur verið fram en ekki nýtt til túnræktar. Mest af því landi var ræst fram fyrir 1990, sem er viðmiðunarár Loftslagssamningsins varðandi losun. Einnig þarf að tryggja að beitarnýtingu verði stýrt þannig að hún leiði til uppbyggingar kolefnis í jarðvegi og að atförluð svæði verði varin fyrir beit þar sem það á við.

### Hver er formleg staða varðandi markmið Íslands um kolefnishlutleysi 2040?

Forsætisráðherra lýsti yfir þeim ásetningi Íslands að ná kolefnishlutleysi 2040 á leiðtoga fundi í París 12. desember 2017, réttum tveimur árum eftir að samkomulag náðist í París. Reykjavík hafði áður sett sér slíkt markmið. Önnur sveitarfélög hér á landi og íslensk fyrirtæki hafa einnig sett sér markmið um kolefnishlutleysi.

Næsta skref er að útfæra í meginráttum framtíðarsýn um kolefnishlutlaust Ísland og kynna hana og þróunaráætlun um hvernig hún getur orðið að veruleika á vettvangi Parísarsamningsins fyrir COP 26 sem haldið verður 2021.

# LOFTSLAGSRÁÐ ///

Það markmið að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040 hefur ekki verið lögfest eins og nokkur þjóðþing hafa þegar gert varðandi sambærileg markmið. Slíkt skapar aukna stefnufestu og eykur líkurnar á því að markmiðið hafi varanleg áhrif. Loftslagsráð telur mikilvægt að það skref verði stigið hér á landi.

## Næstu skref

Loftslagráð mun:

- Hafa frumkvæði að því að leyst verði úr óvissu varðandi viðmiðunarár kolefnishlutleysis hvað varðar nettólosun frá landi og hvetja til frekari rannsókna og vöktunar á losun frá landi.
- Stuðla að því að staðið verði með ábyrgum hætti að kolefnisjöfnun hér á landi með því að vekja athygli á hættum sem felast í núverandi fyrirkomulagi og leiða saman aðila sem gripið geta til úrbóta.

Stjórnvöld eru hvött til að:

- Lögfesta markmið Íslands um kolefnishlutleysi 2040.
- Útfæra og varða framtíðarsýn um kolefnishlutlaust Ísland fyrir COP 26.